

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 1995

Nr. 570

1426

16. nóvember 1995

AUGLÝSING

um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og með vísan til þess að komið hefur upp Newcastle-veiki í Svíþjóð, er þar til annað verður ákveðið, bannað að flytja til landsins lifandi fugla, frjóegg og hvers konar afurðir af hænsnfuglum frá Svíþjóð.

Brot gegn auglýsingu þessari verða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 571

16. nóvember 1995

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd, skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði taflna a, b, og c gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magn tollur kr. / kg
a)					
0405.0000	Smjör og önnur fita	16.11.-30.06.96	32.000	0	201
b)	Ostur: (samtals í eftirfarandi tollnr.)		5.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	16.11.-30.06.96		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	16.11.-30.06.96		0	143
0406.9000	Annar ostur	16.11.-30.06.96		0	160
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	16.11.-30.06.96	20.000	0	107
0406.4000	Gráðostur	16.11.-30.06.96	8.000	0	164

Tollnúmer: Vara		Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr. / kg
c)	Ostur: (samtals í eftirfarandi tollnr.)		24.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	16.11.-30.06.96		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	16.11.-30.06.96		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	16.11.-30.06.96		0	107
0406.4000	Gráðostur	16.11.-30.06.96		0	164
0406.9000	Annar ostur	16.11.-30.06.96		0	160

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleysis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 57.000 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagarðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 33.000 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagarðar skv. töflu c) eru 24.000 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagarðar. Verði sótt um minna magn en auglýst er í hverjum tollkvóta, skal því magni sem umfram er bætt hlutfallslega við aðra tollkvóta.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.